

Landssamband slökkviliðsmanna

National Fire Fighter's Union, Iceland
Fagstéttarfélag stofnað 2. maí 1992 · Fagfélag stofnað 12. maí 1973



Erindi nr. P 118 / 1141
komudagur 15 / 2 19⁹⁵

Reykjavík 14. febrúar 1995

Allsherjarnefnd Alþingis,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur,
Þórshamri v/.Templarasund

Erindi.: Umsögn Landssambands slökkviliðsmanna um frumvarp til laga um neyðarsímsvörun.

Landssamband slökkviliðsmanna vill þakka það tækifæri sem það fær til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum f.h. slökkviliðsmanna á Íslandi. Það er sérstakt fagnaðarefni að nú hillir undir að samræmdri neyðarsímsvörun verði komið á um land allt á næstu misserum og mun dreifbýlið sérstaklega njóta góðs af bættri þjónustu og öryggi fyrir íbúana ef vel tekst til.

Landssamband slökkviliðsmanna telur mikilvægt að gerðar verði eftirfarandi lagfæringar á frumvarpinu:

Í 1. grein verður að telja eðlilegt að í upptalningu komi sjúkraflutningar eftir lögreglu og slökkviliði vegna umfangs og eðli starfseminnar.

Í 2. grein er lagt til að bætt verði við greinina eftirfarandi:

"Vaktstöð skal hafa á að skipa starfsmönnum sem hlotið hafa til þess menntun, þjálfun og starfsreynslu á vegum þeirra aðila er neyðarþjónustu sinna."

Sérstaka athygli vekur að kröfur um menntun og þjálfunarstig þeirra aðila er neyðarsímsvörun eiga að sinna koma ekki fram í frumvarpinu. Lögregla, slökkvilið og sjúkraflutningslið hafa sinnt nær allri neyðarsímsvörun í landinu fram til þessa. Þeir einstaklingar sem þar veljast til símavaktar hafa hlotið haldgóða menntun og þjálfun til sinna starfa auk þess að hafa öðlast dýrmæta reynslu í raunverulegum neyðarútköllum sem eru daglegur viðburður í slíkum störfum. Framangreind þekking og reynsla ræður úrslitum um hvernig til tekst hjá úkallsaðila enda algengt að fagþekkingunni sé óspart beitt í gegnum síma til að liðsinna þeim sem hafa orðið fyrir áföllum á meðan aðstoðar björgunarliðs er beðið. Hér er því um meginmál að ræða en að auki er jafnframt hægt að vísa til skýringa með 9. grein frumvarpsins um mikilvægi þessa. Þá skal bent á að sérstök þjálfun starfsliðs vaktstöðvar eins og gert er ráð fyrir getur aldrei komið í stað framangreindrar þekkingar heldur eingöngu verið góð viðbót.


Í 8. grein er kveðið á um sérstaka samstarfsnefnd aðila er málið varðar. Landssamband slökkviliðsmanna telur eðlilegt að fulltrúar fagaðila svo sem slökkviliðsmanna (LSS) verði í slíkri samstarfsnefnd og komi jafnframt að frekari framgangi málsins.

Til glöggvunar má geta þess að slökkviliðsmenn sinna u.þ.b. 2.000 neyðarútköllum í eldi og öðrum björgunarstörfum á ári hverju en þar að auki sinna slökkviliðsmenn 80% allra sjúkra - og neyðarflutninga í landinu sem var 14.797 af 17.871 árið 1992.

Landssamband slökkviliðsmanna vill að öðru leiti lýsa mikilli ánægju sinni með frumvarpið og væntir þess að framangreindar ábendingar verði teknar til greina við endanlegan frágang þess.

Með von um að frumvarpið nái fljótt og vel fram að ganga.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar LSS



Guðmundur Vignir Óskarsson
formaður